



Öldungaráð - 17 - Fundargerð

17. fundur

8. nóvember 2021 kl. 09:00 – 10:30

Fundarsalur á 1. hæð í Ráðhúsi

Nefndarmenn

Helgi Snæbjarnarson formaður
Elías Gunnar Þorbjörnsson
Sigríður Stefánsdóttir fulltrúi EBAK
Halldór Gunnarsson fulltrúi EBAK
Hallgrímur Gíslason varafulltrúi EBAK
Eva Björg Guðmundsdóttir fulltrúi HSN

Starfsmenn

Kristinn Jakob Reimarsson sviðsstjóri
samfélagssviðs ritaði fundargerð
Bjarki Ármann Oddsson forstöðumaður
tómstundamála

Hallgrímur Gíslason varafulltrúi EBAK mættir í forföllum Valgerðar Jónsdóttur.
Annrún Halla Arnórsdóttir S-lista boðaði forföll sem og varamaður hennar.

1. Þjónustumiðstöð fyrir eldra fólk að Þursaholti 4 - aðkoma Akureyrarbæjar 2021102306

Erindi dagsett 18. október 2021 frá Hallgrími Gíslasyni formanni EBAK vegna húsnæðismála fyrir eldri borgara tengt uppbyggingu í Holtahverfi. Guðrún Sigurðardóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Bergdís Ösp Bjarkadóttir forstöðumaður í heimaþjónustu A tóku þátt í fundinum undir þessum lið í gegnum fjárfundarbúnað.

Öldungaráð tekur undir það sem kemur fram í bréfi EBAK, varðandi þjónustumiðstöð í Holtahverfi. Jafnframt vill ráðið benda á að nauðsynlegt sé, að þegar útlit er fyrir fjölmennt hverfi eldri borgara þá sé horft heildstætt á uppbyggingu þjónustu bæjarins t.d. hvað varðar leiguíbúðir fyrir eldri borgara, almenningsamgöngur, útivist o.fl.

2. Aðgerðaáætlun í málefnum eldri borgara 2020010595

Bjarki Ármann Oddsson forstöðumaður tómstundamála og Sigríður Stefánsdóttir varaformaður gerðu grein fyrir aðgerðaáætlun eldri borgara.

Öldungaráð skorar á bæjarráð að það samþykki áætlunina formlega, vísi kostnaði til fjárhagsáætlunargerðar, en samþykki aðra þætti.

3. Kynning á starfsemi HSN 2021091147

Eva Björg Guðmundsdóttir deildarstjóri heimahjúkrunar og fulltrúi HSN í öldungaráði kynnti starfsemi HSN.

Öldungaráð þakkar Evu Björgu fyrir góða og fróðlega kynningu.

Öldungaráð 8. nóvember 2021 - 17. fundur

Í lok fundar vildi formaður koma á framfæri kveðju til Kristins J. Reimarssonar sviðsstjóra samfélagssvið sem verið hefur starfsmaður ráðsins. Um leið og honum er þakkað fyrir mjög gott samstarf er honum óskað velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Fundi slitið.